



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

27. fundur Framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu á Borg, þriðjudaginn 26. ágúst 2025 kl. 08:30.

Nefndarmenn:

Smári B. Kolbeinsson, formaður

Björn Kristinn Pálmarsson

Þorkell Þorkelsson

Aðrir fundarmenn:

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti

Fjóla S. Kristinsdóttir, sveitarstjóri

Ragnar Guðmundsson, umsjónarmaður
framkvæmda og veitna

Steinar Sigurjónsson, umsjónarmaður
umhverfismála

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Smári B. Kolbeinsson.

1. Framkvæmdir og fjárfestingar 2025

Farið yfir stöðuna á þeim verkefnum sem eru á framkvæmda- og fjárhagsáætlun ársins 2025.

Lagt fram til kynningar.

2. Íþróttamiðstöð á Borg – viðbygging

a. Verkfundargerð nr. 19

Verkfundargerð nr. 19, dags. 30.04.2025 lögð fram til kynningar.

b. Verkfundargerð nr. 20

Verkfundargerð nr. 20, dags. 15.05.2025 lögð fram til kynningar.

c. Verkfundargerð nr. 21

Verkfundargerð nr. 21, dags. 28.05.2025 lögð fram til kynningar.

d. Verkfundargerð nr. 22

Verkfundargerð nr. 22, dags. 12.06.2025 lögð fram til kynningar.

e. Verkfundargerð nr. 23

Verkfundargerð nr. 23, dags. 26.06.2025 lögð fram til kynningar.

f. Verkfundargerð nr. 24

Verkfundargerð nr. 24, dags. 15.07.2025 lögð fram til kynningar.

g. Verkfundargerð nr. 25

Verkfundargerð nr. 25, dags. 24.07.2025 lögð fram til kynningar.

h. Verkfundargerð nr. 26

Verkfundargerð nr. 26, dags. 07.08.2025 lögð fram til kynningar.

i. Frágangur lóðar

Lögð fram til kynningar teikning af steiptum stoðvegg á skólalóð.



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningsshrepps

3. Hitaveita

a. Vaðnes – Staða framkvæmda

Ragnar kynnti stöðu framkvæmda í Vaðnesi. Stefnt er að því að hafa opið hús í lok september fyrir sveitunga og aðra sem hafa áhuga á að kynna sér framkvæmdirnar.

Lagt fram til kynningar.

b. Staða samningaviðræðna um hagnýtingu jarðhita í landi Snæfoksstaða

Smári fór yfir stöðu samningaviðræðna vegna jarðhitarannsókna, borunar og hagnýtingar jarðhita í landi Snæfoksstaða.

Lagt fram til kynningar.

c. Staða samningaviðræðna um hagnýtingu jarðhita í landi Sólheima

Ragnar og Smári fóru yfir fund sem átti sér stað með fulltrúm Sólheima þann 13.08.2025. Þar var rætt um þau samningsdrög sem voru send Sólheimum í mars 2023 en fulltrúar Sólheima töldu ekki nægjanlegan grundvöll til samningaviðræðna á þeim tíma. Fulltrúar Sólheima upplýstu að þeir væru opnir fyrir áframhaldandi viðræðum ef forsendur yrðu endurskoðaðar.

Lagt fram til kynningar.

d. Kringluveita – Framkvæmdir og uppgjör

Fyrir liggur að borhola sveitarfélagsins á Kringlu er dýr í rekstri og telur nefndin mikilvægt að greina rekstrarkostnað veitunnar.

Ragnari falið að útbúa minnisblað um rekstrarkostnað borholunnar síðustu ár og í framhaldinu verði fundað með landeigendum að Kringlu I og II.

4. Vatnsveita

a. Nýting vatnsbóls í landi Stærri-Bæjar

Fyrir liggur að sveitarfélagið hefur áhuga á að tengja vatnsból í landi Stærri-Bæjar inn á vatnsveitu sveitarfélagsins.

Framkvæmda- og veitunefnd felur formanni að boða landeigendur á fund til að ræða mögulega nýtingu vatnsbólsins og vinna að samningsdrögum ef áhugi landeiganda er fyrir því.

b. Kaldárhöfði – Matsskyldufyrirspurn

Fyrir liggur fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdar við borun og prófun tilraunaholu við Kaldárhöfða.

Lagt fram til kynningar.

5. Fráveita – Auglýsing um starfsleyfi og athugasemdir

Fyrir liggur auglýsing um starfsleyfi fyrir hreinsistöð og fráveitu í vesturbyggð á Borg.

Lagt fram til kynningar.



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

6. Tillaga að hönnun leikskólalóðar

Fyrir liggur uppfærð tillaga að hönnun leikskólalóðar.

Framkvæmda- og veitunefnd vísar tillögunni til vinnu við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs.

7. Minnisblað dags. 05.06.2025 af fundi með Vegagerðinni vegna hjóla- og göngustíga í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur minnisblað af fundi oddvita og varaoddvita sveitarfélagsins með fulltrúum Vegagerðarinnar um lagningu hjóla- og göngustíga í Grímsnes- og Grafningshreppi. Í minnisblaðinu er farið yfir þær göngu- og hjólaleiðir sem sveitarfélagið leggur til að farið verði í. Samkvæmt fulltrúum Vegagerðarinnar telst fundurinn nægjanleg tilkynning til Vegagerðarinnar um áform sveitarfélagsins. Við uppfærslu hjólastígaáætlunar fyrir næstu ár hjá Vegagerðinni verður gert ráð fyrir verkefni í Grímsnes- og Grafningshreppi.

8. Minnisblað dags. 12.05.2025 um hundasleppisvæði á Borg

Fyrir liggur minnisblað Steinars Sigurjónssonar, umsjónarmanni umhverfismála dags. 12.05.2025 um hundasleppisvæði á Borg. Í minnisblaðinu er lagt til að sett verði upp hundasleppisvæði við hlið tjaldsvæðisins á Borg.

Framkvæmda- og veitunefnd vísar tillögunni til vinnu við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs.

9. Minnisblað af fundi Grímsnes- og Grafningshrepps og Veitna

Fyrir liggur minnisblað af fundi Grímsnes- og Grafningshrepps með fulltrúa Veitna.

Lagt fram til kynningar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:00